

boenda
FERÐIR

JÓLAFERÐ TIL DUBLIN



25. - 28. nóvember 2021
Fararstjórn: Gísli Einarsson

Aðventuferð
Írland

Ferðalýsing

Dásamleg jólaferð til höfuðborgar Írlands, Dublin eða **Dyflinnar** eins og Íslendingar hafa þekkt hana í gegnum aldirnar. Þessi heimilislega stórborg er ljósum prýdd og íbúar borgarinnar í hátíðarskapi. Við höldum í skoðunarferð um miðbæinn með fararstjórnann í broddi fylkingar. Á röltinu heimsækjum við helstu kennileiti Dyflinnar, s.s. dómkirkju heilags Patreks, **Trinity College**, Dyflinnar kastala og hinn sögufræga almenningsgarð, **St. Stephens Green**. Við röltum eftir **Grafton street** sem er helsta verslunargata borgarinnar og tyllum okkur niður í hinu líflega Temple bar hverfi, áður en við röltum yfir **Ha'penny Bridge**, brúna sem kennd er við hálfþ penni. Áhugasamir öldrykkjumenn geta fræðst um framleiðslu **Guinness** og smakkað á afurðinni á Guinness safninu. Heimsókn á bókasafn Trinity háskólans er mikil upplifun enda er menningarsaga Írlands þar alltumlykjandi. Það tilheyrir líka heimsókn til Dyflinnar að setjast inn á eitt eða jafnvel fleiri af 1.000 öldurhúsum borgarinnar og gleðjast með hinum fjörugu borgarbúum.

4 dagar | 3 nætur í Dublin



25. nóvember | Flug til Dublin

Brottför frá Keflavík kl. 7:30 með Icelandair. Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför og lent á Dublin flugvelli kl. 09:55 að staðartíma. Síðan er töskum komið á hótél og haldið í gönguferð um næsta nágrenni hótelsins til að átta sig á staðháttum. Um að gera að fá sér matarbita áður en snúið verður til baka á hótél síðdegis. Komum okkur fyrir á herbergjum og síðan er frjáls tími það sem eftir er dagsins. Kvöldverður á eigin vegum.

26. nóvember | Skoðunarferð í Dublin

Farið verður í rútuferð með leiðsögn um Dublin fyrir hádegi, m.a. fram hjá frægum byggingum eins og Trinity háskólanum, Kirkju heilags Patreks, Dublin kastala o.fl. Ferðinni lýkur í miðbænum þar sem þeir sem vilja geta skoðað sig um, rölt um St. Stephen's Green garðinn eða miðbæinn og drukkið í sig jólastemninguna og auðvitað eru verslanir á hverju strái. Um kvöldið gefst tækifæri á að fara á írskt skemmtikvöld með kvöldverði, dansi og söng sem er stórkostleg upplifun.

27. nóvember | Frjáls dagur

Þennan dag gefst tækifæri til að njóta alls þess sem þessi dásamlega borg hefur upp á að bjóða á eigin vegum. Í skoðunarferð gærdagsins bar margt fyrir augu sem jafnvel er vert að gefa meiri gaum í dag. Áhugasamir um söfn ættu að byrja daginn á heimsókn á Þjóðminjasafn Írlands þar sem svo ótal margt er að sjá, röltu síðan þaðan á listasafnið eða fornleifasafnið.



Dublin kastali er líka staður sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Kaupmenn hafa hreiðrað um sig á Grafton Stræti og þar er því mikið úrval hvers kyns verslana, veitinga - og kaffihúsa. Í dag er laugardagur og því ljóst að mannlífið í miðbænum verður fjörugt langt fram á kvöld.

28. nóvember | Heimferð

Það er komið að heimför. Brottför flugs Icelandair er kl. 11:20 og landing í Keflavík kl. 13:40 að íslenskum tíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum.

Verð

129.900 kr. á mann í tvíbýli | 36.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.



Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir milli Dublin flugvallar og hótels.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Skoðunarferð um Dublin.
- ✓ Morgunverður.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegis- og kvöldverðir.
- ✓ Þjóf fé.

Valfrjálst

- ✓ Írskt skemmtikvöld með kvöldverði, sýningu og rútu á staðinn (ekki rútuferð til baka á hóteli) 14.900 kr., þarf að bókast samhliða ferðinni.

Hótelið

Gist verður á 4* Iveagh Garden Hotel, glæsilegu hóteli aðeins örfáum skrefum frá Grafton stræti. Herbergin eru búin gæðadýnum, dúnsængum, koddum og sængurfötum, te- og kaffistöð, vatni á flöskum, sjónvarpi, nettengingu og öryggishólfi.

